

Lög

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001,
með síðari breytingum (fyrning uppgjörskrafna).

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða XIV í lögnum bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fyrningarfresturinn skal vera átta ár frá því tímamarki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 14. maí 2014.